

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975,
með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjöld kr. 1 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 2 100.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

26. apríl 1979.

Nr. 182.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðurnesja nr. 390, 6. nóvember 1976,
með síðari breytingum.

3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magnhemli kr. 5 915.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætla hitaveita vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega.

4. gr. orðist þannig:

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði.

- a) fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " kr. 1 000.00
- b) fyrir mæla eða hemla 1"—2" — 2 000.00
- c) fyrir mæla eða hemla 3" og stærri — 4 000.00

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Allt að 400 m ³	kr. 410 810
400—2000 m ³	— 410 810 + 329 kr.pr.m ³ þar yfir
2000—6000 m ³	— 936 842 + 280 kr.pr.m ³ þar yfir
6000—10000 m ³	— 2 055 362 + 246 kr.pr.m ³ þar yfir
Meira en 10000 m ³	— 3 038 162 + 214 kr.pr.m ³ þar yfir.